

Nd.

41. Frumvarp

til laga um löggilta endurskoðendur.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogli.

1. gr.

Með lögum þessum er stjórnarráði Íslands veitt heimild til þess að löggilda endurskoðendur. Þá er maður beiðist löggildingar til þess starfa, má veita honum hana, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í þessum lögum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur um í 1. gr.:

1. Löggiltur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri; hann skal vera fullráði fjár síns og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal sanna fyrir stjórnarráðinu, eða fyrir nefnd, er stjórnin skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiftum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur.

3. gr.

Ef löggiltur endurskoðandi er eigi lengur fjár síns ráðandi, eða mannorð hans flekkast, þá skal stjórnarráðið taka af honum löggildinguna. En er hann fær aftur umráð yfir fje sinu, skal hann mega fá aftur löggilding sína.

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, hlutafjelög eða sameignarfjelög löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun gilda, sem opinber endurskoðun væri.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eður á þrotabúum, skal til þeirrar skoðunar hafa löggilta endurskoðendur, ef til þess næst.

6. gr.

Stjórnarráðið tiltekur nánar verkvið löggiltra endurskoðenda og setur kaupskrá (taxta) fyrir störf þeirra.